

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.

Ársreikningur samstæðu 2014

Efnisyfirlit	bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5 - 6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8 - 19

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.
Kennitala 660805-1250
Austurbakka 2, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Meginstarfsemi

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. (Harpa) og dótturfélög (samstæðan) starfa á sviði fasteignastjórnunar og rekstrar. Hlutverk Hörpu er að sjá eignarhald og rekstur tónlistar- og ráðstefnumiðstöðvarinnar Hörpu við Austurhöfn í Reykjavík, auk tengdrar starfsemi.

Samstæðan og starfsemin á árinu

Ársreikningurinn er samstæðureikningur Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. og dótturfélaga. Nánari grein er gerð fyrir félögum í samstæðunni og samstæðureikningsskilum í skýringum.

Gestir Hörpu árið 2014 voru 1.460.000 samanborið við 1.300.000 árið 2013. Á árinu 2014 voru haldnir 492 tónleikar og á fjórða hundrað fundir, veislur og ráðstefnur.

Expó skálanum var fundinn varanlegur samastaður í Hörpu um sumarið og um haustið var lokið við að innréttu þrjú síðustu rými hússins, samtals 600 fermetra, á þremur hæðum á austurhlið hússins. Er þar með búið að innréttu öll rými og byggingarsögu hússins er því lokið.

Skuldabréfaflokkur Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf., dótturfélags Hörpu, var tekinn til viðskipta í Kauphöll Íslands undir auðkenninu HARP 46 0217. Af því tilefni var skipuð endurskoðunarnefnd Hrings, sem jafnframt er endurskoðunarnefnd Hörpu, undir formennsku Sigurðar Þórðarsonar.

Málaferli vegna fasteignagjalda Hörpu héldu áfram og um sumarið 2014 skiluðu dómkvaddir matsmenn sinni matsgerð og var niðurstaða hennar í samræmi við málatilbúnað Hörpu. Þann 30. október funduðu forstjóri og stjórnarformaður með fulltrúum eigenda Hörpu og gerðu þeim grein fyrir því að félagið gæti greitt álöggð fasteignagjöld árið 2015 og myndi bíða niðurstöðu dóms. Dómur héraðsdóms Reykjavíkur félí þann 12. maí 2015 og var kröfum Hörpu hafnað. Tekin hefur verið ákvörðun um áfrýjun á domi héraðsdóms til Hæstaréttar Íslands. Hefur stjórn því lagt málið á ný fyrir eigendur þar sem ljóst er að reksturinn stendur ekki undir svo miklu álöggum. Stjórn vísar jafnframt til skýringu 13 og skýringar 12 um fjárhagslega stöðu og rekstrarhæfi.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegrí próun samstæðunnar, komi fram í ársreikningnum.

Jöfnun taps

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi jöfnun taps.

Eignaraðild

Engin breyting varð á eignarhaldi félagsins á árinu og er það að 54% hluta í eigu íslenska ríkisins og 46% hluta í eigu Reykjavíkurborgar.

Fjárhagsleg áhættustjórnun

Helstu fjárhagslegu áhættuþættir samstæðunnar eru lausafjáráhætta og vaxtaáhætta. Upplýsingar um fjárhagslega áhættustjórnun og áhættuþætti er að finna í skýringu 12 og 16.

Stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2014 með áritun sinni.

Reykjavík, 21. ágúst 2015.

Stjórn:

Guðrúnna S. Bjarnadóttir, formaður

Ásta Möller

Svanhildur Konráðsdóttir, varaformaður

Kjartan Örn Ólafsson

Vilhjálmur Egilsson

Forstjóri:

Halldór Guðmundsson

Halldór Guðmundsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna svíksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum svíksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits samstæðunnar sem varðar gerð og glöggja framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2014, efnahag samstæðunnar 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábending

Án þess að gera um það fyrirvara í áliti okkar viljum við vekja athygli á umfjöllun í skýrslu stjórnar og skýringum 12 og 13 um fjárhagslega stöðu samstæðunnar.

Reykjavík, 21. ágúst 2015.

PricewaterhouseCoopers ehf.

Vignir Rafn Gíslason
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2014

	Samstæða		
	Skýr.	2014	2013
Rekstrartekjur	2, 10		
Tekjur af starfsemi		940.958.252	873.062.652
Framlag ríkis og borgar til rekstrar Hörpu		167.906.164	171.924.749
		<u>1.108.864.416</u>	<u>1.044.987.401</u>
Rekstrargjöld			
Húsnæðiskostnaður	3	(622.098.115)	(562.578.098)
Laun og launatengd gjöld	3	(431.868.720)	(359.235.939)
Aðkeypt þjónusta	3	(203.700.545)	(253.923.955)
Annar rekstrarkostnaður	3	<u>(232.044.060)</u>	<u>(231.374.078)</u>
		<u>(1.489.711.440)</u>	<u>(1.407.112.070)</u>
Afskriftir	5, 6	<u>(333.431.516)</u>	<u>(320.620.931)</u>
Rekstrartap		(714.278.540)	(682.745.600)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Hreinar fjármunatekjur (- fjármagnsgjöld)	4	(885.326.332)	(1.477.301.649)
Hreinar tekjur vegna niðurfellingar lantöku og lánveitinga	4	<u>0</u>	<u>1.303.868.935</u>
		<u>(885.326.332)</u>	<u>(173.432.714)</u>
Tap fyrir framlag eigenda		(1.599.604.872)	(856.178.314)
Framlag til greiðslu afborgana og vaxta			
Framlag ríkis og borgar v. fjármögnum fasteignar og búnaðar	2, 10	<u>1.053.906.908</u>	<u>1.025.606.397</u>
(Tap) hagnaður af reglulegri starfsemi		(545.697.964)	169.428.083
Reiknaður tekjuskattur	11	<u>(2.479.226)</u>	<u>(2.463.325)</u>
		<u>(2.479.226)</u>	<u>(2.463.325)</u>
(Tap) hagnaður ársins		<u>(548.177.190)</u>	<u>166.964.757</u>
Afkoma skiptist á eftirfarandi hátt:			
Eigendur félagsins		(550.390.728)	165.358.183
Hlutdeild minnihluta		2.213.538	1.606.574
		<u>(548.177.190)</u>	<u>166.964.757</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

		Samstæða	
Eignir	Skýr.	31.12.2014	31.12.2013
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir:	5		
Hugbúnaður		8.884.062	<u>13.217.780</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Fasteign		17.246.996.936	17.272.577.156
Áhöld tæki og búnaður		2.908.521.135	3.019.945.272
		<u>20.155.518.071</u>	<u>20.292.522.428</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Tekjuskattseign	11	22.288	0
		<u>22.288</u>	<u>0</u>
Fastafjármunir samtals		20.164.424.421	20.305.740.207
Veltufjármunir			
Kröfur á tengd félög	10	999.389	0
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	7	190.237.341	250.129.960
Handbært fé		213.977.328	534.526.749
		<u>405.214.058</u>	<u>784.656.709</u>
Eignir samtals		<u>20.569.638.479</u>	<u>21.090.396.917</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

		Samstæða
Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2014
		31.12.2013
Eigið fé	8	
Hlutafé		3.272.326.000
Ójafnað tap		<u>(2.766.778.152)</u>
		505.547.848
Hlutdeild minnihluta		<u>6.542.036</u>
		512.089.884
		3.272.326.000
		<u>(2.216.387.424)</u>
		1.055.938.576
		4.328.498
		1.060.267.074
Skuldir		
Langtímaskuldir:	9	
Skuldir í íslenskum krónum		<u>19.236.479.482</u>
		19.288.868.966
Skammtímaskuldir:		
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	9	369.175.231
Skuldir við tengda aðila	10	65.290.598
Óuppgert vegna viðburða		132.533.135
Yfirdráttur í banka		20.506.427
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		<u>233.563.722</u>
		821.069.113
		322.287.675
		65.290.602
		115.550.723
		0
		238.131.877
		741.260.877
Skuldir samtals		20.057.548.595
Eigið fé og skuldir samtals		<u>20.569.638.479</u>
Fjárhagsleg áhættustjórnun	16	
Aðrar upplýsingar		11-16

Sjóðstreymi ársins 2014

		Samstæða	
	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé (til rekstrar):			
(Tap) hagnaður ársins		(548.177.190)	166.964.757
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárvægi:			
Afskriftir	5-6	333.431.516	320.620.931
Áhrif niðurfellingar lántöku		0	(1.303.868.935)
Aðrir liðir	14	201.092.421	455.083.543
		(13.653.253)	(361.199.705)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
(Hækkun) lækkun rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		59.892.619	(75.615.454)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		19.245.888	3.897.721
		79.138.507	(71.717.733)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>65.485.254</u>	<u>(432.917.438)</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	6	(189.859.216)	(247.940.987)
Kaupverð óefnislegra eigna	5	(2.390.400)	(4.803.600)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		156.175	3.650.000
Breyting skammtímakrafna til tengdra aðila		(999.389)	0
Breytingar á kröfum		0	1.804.947.725
		(193.092.830)	1.555.853.138
Fjármögnunarhreyfingar			
Andvirið útgáfu skuldbréfa		0	19.503.034.987
Uppgreiðsla sambankaláns		0	(17.240.272.854)
Tekin ný langtímalán		129.000.000	0
Afborganir langtímalána		(335.616.637)	(2.095.020.632)
Skammtímalán, breyting		13.674.791	(931.715.739)
		(192.941.846)	(763.974.238)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		<u>(320.549.422)</u>	<u>358.961.463</u>
Handbært fé í byrjun tímabils		<u>534.526.749</u>	<u>175.565.286</u>
Handbært fé í árslok		<u>213.977.328</u>	<u>534.526.749</u>
Móttknir vextir		15.174.066	9.574.317
Greiddir vextir		(699.457.706)	(1.065.733.066)
Fjármögnun án greiðsluáhrifa			
Hækkun hlutafjár		0	793.626.000
Afborgun lántöku við íslenska ríkið og Reykjavíkurborg		0	(793.626.000)

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Almennar upplýsingar

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. (Harpa) og dótturfélög (samstæðan) starfa á sviði fasteignastjórnunar og rekstrar. Hlutverk Hörpu er að sjá um eignarhald og rekstur tónlistar- og ráðstefnumiðstöðvar við Reykjavíkurhöfn. Upplýsingar um dótturfélögum eru í skýringu nr. 15.

Félagið er í eigu íslenska ríkisins að 54% hluta og Reykjavíkurborgar að 46% hluta. Aðsetur félagsins er að Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

1.2 Grundvöllur reikningsskila og matsaðferðir

Ársreikningurinn inniheldur samstæðureikning Hörpu og dótturfélaga þess og er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó að mat stjórnenda sé samkvæmt bestu vitund geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.3 Fjárhagsleg staða og rekstrarhæfi samstæðunnar

Umfjöllun um fjárhagslega stöðu samstæðunnar er að finna í skýringu nr. 12. Á grundvelli þess, sem þar er lýst, er miðað við að samstæðan sé rekstrarhæf. Ársreikningurinn er lagður fram á þeim grundvelli.

1.4 Samstæðureikningur

Félög sem innifalin eru í samstæðunni uppfylla þau skilyrði að móðurfélagið eða önnur félög innan samstæðunnar hafa yfir að ráða meira en helming af atkvæðavægi innan viðkomandi félags eða hefur á annan hátt vald til þess að hafa veruleg áhrif á stjórnun þess. Dótturfélög eru færð í samstæðureikning frá þeim degi sem stjórnun félaga færast til samstæðunnar og til þess dags sem stjórnun er ekki lengur í höndum hennar. Ársreikningur samstæðunnar er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra félaga í samstæðunni en öllum innbyrðis viðskiptum, inneignum, skuldum og óinnleystum hagnaði er eytt í samstæðunni.

Í móðurfélagsreikningi eru færð afkomuáhrif dótturfélaga m.v. hlutdeild móðurfélags í eigin fé viðkomandi dótturfélaga. Hlutdeild í tapi dótturfélaga er fært á móti eignarhlut í viðkomandi dótturfélagi að því marki að bókfært verð eignarhlutar verði ekki neikvætt. Ef hlutdeild í tapi er hærra þá færst það á móti kröfu móðurfélagsins á dótturfélagið að því marki sem krafan dugar á móti gjaldfærslunni. Hlutdeild í tapi umfram það er ekki fært nema talið sé að móðurfélagið þurfi að bera skuldbindingar dótturfélagsins.

1.5 Framsetning rekstrarreiknings

Í rekstrarreikningi eru tekjur af starfsemi í Hörpu settar fram sem rekstrartekjur. Samningsbundin framlög frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg vegna afborgunar og vaxta af fjármögnun fasteignar eru sérgreind. Stjórnendur telja þessa framsetningu gefa glögga mynd þar sem framlögur nýtast til afborgunar og vaxta en ekki í rekstur starfseminnar. Í því sambandi víast til ákvæða 13.gr. reglugerðar nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

1.6 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af framlagi frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg, vegna rekstrar annars vegar og fjármögnunar lána hins vegar, og öðrum tekjum. Tekjur vegna framlaga er fært á grundvelli samninga þar um. Tekjur af veitri þjónustu vegna starfsemi í Hörpu eru færðar þegar unnið er til þeirra. Tekjur samanstanda af seldri þjónustu, útleigu aðstöðu og umboðslaunum vegna viðburða á borð við tónleika og ráðstefnur í Hörpu.

Skýringar

1.7 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfæignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Vaxtagjöld eru gjaldfærð þegar þau falla til samanber þó skýringu 1.10.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarrekning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

1.8 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársþyrjun 2015. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarrekningi. Á byggingartíma fasteignar var framangreindur kostnaður færður sem hluti af byggingarkostnaði fasteignar.

1.9 Óefnislegar eignir

Tölvuhugbúnaður

Kostnaður sem verður til við þróun og viðhald tölvuhugbúnaðar er gjaldfærður þegar hann verður til. Kostnaður sem beint tengist sérstökum hugbúnaði sem samstæðan á og mun líklega njóta ávinnings af umfram kostnað, þegar til lengra tíma lætur, er eignfærður sem óefnisleg eign. Beinn kostnaður í þessu sambandi er kostnaður starfsmanna sem starfa við verkefnið og ákveðin hlutdeild í óbeinum kostnaði.

Kostnaður við endurbætur á tölvuhugbúnaði, umfram það sem hann var í upphafi, er eignfærður sem og keyptur hugbúnaður. Tölvuhugbúnaður er gjaldfærður á áætluðum nýtingartíma en að hámarki 4 árum.

1.10 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlinuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteignir	100 ár
Áhöld, tæki og innréttigar	4-30 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð. Á árinu 2009 áttu sér stað breytingar á fjárhagslegri skipan samstæðunnar sem leiddi til þess að endurheimtanlegt verð lækkaði og var bókfært verð byggingarkostnaðar lækkað sem því nam. Samsvarandi lækkun var á skuldum samstæðunnar. Kostnaðarverð sem sýnt er í skýringu 6 tekur tillit til þeirrar lækkunar sem þá átti sér stað.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði.

Vaxtagjöld og verðbætur af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna varanlega rekstrarfjármuni voru eignfærð á þeim tíma sem það tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í rekstrarrekningi. Eftir að skilgreindum byggingartíma lauk á árinu 2011 hafa öll vaxtagjöld verið gjaldfærð.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarrekningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

1.11 Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum samstæðunnar.

1.12 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

1.13 Hlutafé

Almennt hlutafé er flokkað sem eigið fé.

Kostnaður við útgáfu nýs hlutafjár, annar en í tengslum við samruna, er færður til lækkunar á innborguðu eigin fé að frádregnum tekjuskatti. Kostnaður við útgáfu hlutafjár í tengslum við samruna er færður til hækkanar á kaupverðinu.

Þegar félagið eða dótturfélög kaupa hlutafé í sjálfa sér er kaupverðið fært í heild sinni til lækkunar á eigin fé sem eigin hlutabréf þar til bréfin eru afskráð eða seld.

1.14 Lántaka

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði, að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði; mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er fært í rekstrarreikning að teknu tilliti til reglubundiðar dreifingar affalla/yfirverðs.

Lántaka er flokkuð sem skammtímaskuldir nema félagið hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

1.15 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

Skýringar

2. Rekstrartekjur

	2014	2013
Tekjur af starfsemi Höru		
Leigutekjur	179.171.909	180.493.327
Viðburðir og ráðstefnur	504.427.946	458.578.709
Rekstrarleyfissamningar	173.813.475	156.854.695
Ýmsar tekjur	83.544.922	77.135.921
	940.958.252	873.062.652

Framlag ríkis og borgar vegna rekstrar

Auk framlags ríkis og borgar vegna fjármögnunar fasteignar og búnaðar hafa eigendur skuldbundið sig til að greiða framlag til rekstursins árin 2013 til 2016, m.a. vegna aukins kostnaðar í tengslum við fasteignagjöld.

Framlag til rekstrar Höru	167.906.164	163.746.777
Framlag til rekstrar Austurhafnar	0	8.177.972
	167.906.164	171.924.749

Framlag ríkis og borgar vegna fjármögnunar fasteignar og búnaðar

Framlag ríkis og borgar til fjármögnunar fasteignarinnar Höru og tækjabúnaðar er föst árleg fjárhæð og er bundið vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu 237,4. Framlag ársins nam 1.053,9 milljónum króna. Framlagið er tekjfært í rekstrarreikningi samstæðunnar, en er notað að öllu leyti til greiðslu lána og vaxta tengdum byggingarframkvæmdum. Samkvæmt samningi við íslenska ríkið og Reykjavíkurborg skal framlagið greitt mánaðarlega í 35 ár. Greiðslur hófust í mars 2011.

3. Rekstrargjöld

Rekstrargjöld samstæðunnar greinast þannig:

	2014	2013
Húsnaðiskostnaður		
Fasteignaskattur	366.067.325	353.723.075
Annar húsnaðiskostnaður	256.030.790	208.855.023
	622.098.115	562.578.098

Laun og launatengd gjöld færð í rekstur

Laun	358.836.429	296.228.999
Launatengd gjöld	73.032.291	63.006.940
	431.868.720	359.235.939

Hjá samstæðunni voru 94 á launaskrá á árinu 2014 í um 48 stöðugildum, samanborið við 90 á launaskrá á árinu 2013 í um 40 stöðugildum.

Laun og þóknanir til stjórnenda námu 25 milljónum króna 2014 samanborið við 27,4 milljónir árið 2013.

Samstæðan hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

Aðkeypt þjónusta

Aðkeypt þjónusta vegna listviðburða og ráðstefna	166.171.481	188.957.551
Önnur aðkeypt þjónusta	37.529.064	64.966.404
	203.700.545	253.923.955

Skýringar

	2014	2013
Annar rekstrarkostnaður		
Kostnaður tengdur miðakerfi	29.301.612	35.359.888
Markaðskostnaður	60.346.182	78.490.132
Veittir styrkir	25.450.000	25.061.375
Annar rekstrarkostnaður	<u>116.946.266</u>	<u>92.462.683</u>
	<u>232.044.060</u>	<u>231.374.078</u>

4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Banka- reikningar	Langtíma eign / skuld	Aðrir liðir	Samtals 2014	Samtals 2013
Vaxtatekjur og verðbætur	1.195.717	0	13.978.349	15.174.066	9.574.317
Vaxtagjöld og verðbætur	0	(896.066.564)	0	(896.066.564)	(1.495.831.123)
Gengismunur	994.319	(3.013.900)	(2.414.253)	(4.433.834)	34.467
Ábyrgðir og þinglýsingar	0	0	0	0	8.920.690
	<u>2.190.036</u>	<u>(899.080.464)</u>	<u>11.564.096</u>	<u>(885.326.332)</u>	<u>(1.477.301.649)</u>
Niðurfelling lántöku				0	1.599.246.811
Afskrift lánveitinga				0	(295.377.876)
				<u>0</u>	<u>1.303.868.935</u>

5. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru tilkomnar vegna eignfærslu á hugbúnaði, sbr. skýringu 1.9, og greinast þannig hjá samstæðunni:

Árslok 2013:

Bókfært verð í ársbyrjun	13.230.336
Viðbót ársins	4.803.600
Afskriftir	(4.816.156)
Bókfært verð í árslok	<u>13.217.780</u>

Bókfært verð í árslok 2013 greinist þannig:

Kostnaðarverð	21.725.725
Afskrifað samtals	(8.507.945)
Bókfært verð í árslok	<u>13.217.780</u>

Árslok 2014:

Bókfært verð í ársbyrjun	13.217.780
Viðbót ársins	2.390.400
Afskriftir	(6.724.118)
Bókfært verð í árslok	<u>8.884.062</u>

Bókfært verð í árslok 2014 greinist þannig:

Kostnaðarverð	24.116.125
Afskrifað samtals	(15.232.063)
Bókfært verð í árslok	<u>8.884.062</u>

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig hjá samstæðunni:

	Bifreið	Áhöld, tæki og innréttigar	Fasteign	Samtals
Árslok 2013:				
Bókfært verð í ársbyrjun	3.223.987	3.097.077.391	17.263.308.825	20.363.610.203
Viðbót ársins	0	84.661.982	163.279.005	247.940.987
Bókfært verð seldra eigna	(3.223.987)	0	0	(3.223.987)
Afskriftir	0	(161.794.101)	(154.010.674)	(315.804.775)
Bókfært verð í árslok	0	3.019.945.272	17.272.577.156	20.292.522.428

Bókfært verð í árslok 2013 greinist þannig:

Kostnaðarverð	0	3.442.973.642	17.741.102.026	21.184.075.668
Afskrifað samtals	0	(423.028.371)	(468.524.870)	(891.553.241)
Bókfært verð í árslok	0	3.019.945.272	17.272.577.156	20.292.522.428

	Bifreið	Áhöld, tæki og innréttigar	Fasteign	Samtals
Árslok 2014:				
Bókfært verð í ársbyrjun	0	3.019.945.272	17.272.577.156	20.292.522.428
Viðbót ársins	0	55.828.629	134.030.587	189.859.216
Bókfært verð seldra eigna	0	(156.175)	0	(156.175)
Afskriftir	0	(167.096.591)	(159.610.807)	(326.707.398)
Bókfært verð í árslok	0	2.908.521.135	17.246.996.936	20.155.518.071

Bókfært verð í árslok 2014 greinist þannig:

Kostnaðarverð	0	3.498.646.096	17.875.132.613	21.373.778.709
Afskrifað samtals	0	(590.124.961)	(628.135.677)	(1.218.260.638)
Bókfært verð í árslok	0	2.908.521.135	17.246.996.936	20.155.518.071

Viðbót ársins er vegna áfallins kostnaðar fasteignar og búnaðar eftir að notkun hófst. Sú viðbót innifelur hvorki vaxtakostnað né innri kostnað.

Gjalfærðar afskriftir í rekstrarreikningi samstæðunnar greinast þannig:

2014 2013

Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna	(326.707.398)	(315.804.775)
Afskrift óefnislegra eigna (skýring 5)	(6.724.118)	(4.816.156)
	(333.431.516)	(320.620.931)

Fasteignamat og vátryggingaverðmæti

Fasteignir samstæðunnar í árslok 2014 voru eftirtaldar:

	Fasteignamat hús	Fasteignamat, lóð	Brunabótamat	Bókfært verð
Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa og bílastæðahús	21.848.100.000	622.650.000	30.863.077.000	17.246.996.936

Lausafé og búnaður eru vátryggð fyrir 1.269 milljónir króna.

Skýringar

Veðsetningar

Á fasteign samstæðunnar hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum hennar, sem voru að uppgreiðsluvirði um 19,5 milljarðar króna í árslok 2014. Til tryggingar eru þinglýst tryggingarbréf með veði í fasteigninni, Tónlistarhús 01-0101. Nafnverð tryggingarbréfa nemur 18 milljörðum króna. Tryggingarbréf eru bundin vísitölu neysluverðs og nemur framreknað verð til ársloka 23,8 milljörðum króna. Auk þess eru mánaðarleg framlög frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg sett að veði til tryggingar á skuldum.

7. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinist þannig hjá samstæðunni:

	31.12.2014	31.12.2013
Viðskiptakröfur	117.300.750	157.790.245
Kröfur vegna miðasölu	76.443.381	95.357.288
Niðurfærsla krafna	(6.600.000)	(6.600.000)
Viðskiptakröfur, nettó	187.144.131	246.547.533
Inneign virðisaukaskatts	0	78.040
Aðrar kröfur	3.093.210	3.504.387
	<u>190.237.341</u>	<u>250.129.960</u>

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta áhættu sem fylgir kröfueign samstæðunnar. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, og er hann dreginn frá eignfærðum viðskipta- og skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

	31.12.2014	31.12.2013
Frá fyrra ári	(6.600.000)	(3.300.000)
Gjaldfærð niðurfærsla ársins	0	(3.300.000)
Staða í lok árs	<u>(6.600.000)</u>	<u>(6.600.000)</u>

8. Eigið fé

Hlutafé félagsins nam í árslok kr. 3.272.326.000 og er það óbreytt á milli ára. Fjöldi hluta er 3.272.326.000, hver að virði 1 króna.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Hlutafé	Ójafnað tap	Samtals	Minnihluti	Samtals eigið fé
Hreyfingar 2013:					
Staða í ársbyrjun	2.478.700.000	(2.381.745.608)	96.954.393	2.721.925	99.676.317
Skuld breytt í hlutafé	793.626.000		793.626.000		793.626.000
Hagnaður ársins		165.358.183	165.358.183	1.606.574	166.964.757
Staða í árslok	<u>3.272.326.000</u>	<u>(2.216.387.425)</u>	<u>1.055.938.576</u>	<u>4.328.498</u>	<u>1.060.267.074</u>

Hreyfingar 2014:

Staða í ársbyrjun	3.272.326.000	(2.216.387.424)	1.055.938.576	4.328.498	1.060.267.074
(Tap) hagnaður ársins		(550.390.728)	(550.390.728)	2.213.538	(548.177.190)
Staða í árslok	<u>3.272.326.000</u>	<u>(2.766.778.152)</u>	<u>505.547.848</u>	<u>6.542.036</u>	<u>512.089.884</u>

Skýringar

9. Lántaka

Lántaka greinist þannig:

	31.12.2014	31.12.2013
Verðbréfaútgáfa:		
Verðtryggðar skuldir HARP 46 0217 vextir 3,55%	19.642.010.277	19.782.700.755
Lántökukostnaður færður til gjalda á líftíma láns	<u>(164.684.959)</u>	<u>(171.544.114)</u>
	19.477.325.318	19.611.156.641
Aðrar langtímaskuldir, í íslenskum krónum:		
Skuldabréf, verðtryggt með vístölu neysluverðs, breytilegir vextir 5,3%	128.329.395	0
Langtímaskuldir samtals	19.605.654.713	19.611.156.641

Afborganir af langtímaskuldum samstæðunnar í árslok 2014 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2015	369.175.231
Árið 2016	381.951.228
Árið 2017	395.004.308
Árið 2018	408.520.773
Árið 2019	422.517.072
Síðar	<u>17.628.486.102</u>
	19.605.654.713

Langtímaskuldir samtals 19.606 milljónir króna koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2015, færðar meðal skammtímaskulda	369.175.231
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	<u>19.236.479.482</u>
	19.605.654.713

Verðbréfaútgáfa:

Verðbréfaútgáfa að fjárhæð 19.477 milljónir króna eru skuldabréf samstæðunnar útgefin hjá Kauphöll Ísland, Nasdaq OMX, undir auðkenninu HARP 46 0217. Samkvæmt skilmálum skuldabréfanna er lánið verðtryggt með vístölu neysluverðs og föstum vöxtum, 3,55%. Skuldabréfin eru án uppgreiðsluheimildar.

Skuldabréfin greiðast með 394 jöfnum greiðslum (annuitet), sem felur í sér að afborgun nafnverðs fer vaxandi eftir því sem líður á lánstímann. Fyrsti gjalddagi var í maí 2013 og síðasti gjalddagi verður þann 15. febrúar 2046. Áætluð afborgun næsta árs er 355 milljón króna, en áætluð heildargreiðsla lánsins með vöxtum og verðbótum er áætluð 1.047 milljónir króna.

Skuldabréfin eru tryggð með veði í framlagi ríkis og borgar, fyrsta veðrétti í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Höru auk handveðsréttar í bankainnstæðum félagsins.

Íslenska ríkið (54%) og Reykjavíkurborg (46%) hafa skuldbundið sig til að greiða fasta árlega fjárhæð, sem bundin er vístölu neysluverðs og er greiðsla vegna kaupa á þeiri þjónustu sem felst í því annars vegar að Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. eigi tónlistar- og ráðstefnuhús og hins vegar reki aðstöðu í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Höru. Framlagið greiðist mánaðarlega í 35 ár frá 15. mars 2011. Framlagið greiðist inn á veðsettan bankareikning Hrings og verður ávallt fyrst nýtt til að greiða mánaðarlegar afborganir af skuldabréfum í skuldabréfaflokki félagsins.

Aðrar langtímaskuldir:

Skuldabréf í íslenskum krónum verðtryggt með vístölu neysluverðs var tekið í desember 2014, og er til 9 ára. Það er tryggt með veði í leigugreiðslum og handveði í innstæðu bankareiknings. Vextir eru breytilegir.

Skýringar

10. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru dótturfélög, báðir hluthafar félagsins, systurfelagið Situs ehf., stjórn félagsins, forstjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Þessi skilgreining er byggð á ákvæðum í settum reikningsskilareglum. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	Samstæða 2014	Samstæða 2013
Framlög frá eigendum	1.221.813.072	1.197.531.146
Þjónustutekjur frá tengdum aðilum	14.208.669	3.708.811
Fasteignaskattur til eiganda	366.067.325	353.723.075
Önnur rekstrargjöld	380.200	(1.090.741)
Skammtímakröfur á Situs ehf.	999.389	0
Skammtímaskuldir við Reykjavíkurborg	65.290.598	65.290.602

Upplýsingar um launagreiðslur til stjórnenda félagsins er að finna í skýringu 3.

11. Skattamál

Félög innan samstæðunnar greiða engan tekjuskatt vegna reksturs ársins 2014. Yfirfærant tap félaga innan samstæðunnar nam í árslok 5.832 milljónum króna og er nýtanlegt til ársins 2024.

Hagræði vegna skattalegs taps félagsins er ekki eignfært vegna óvissu um nýtingu. Óveruleg fjárhæð vegna skattalegs taps dótturfélags er eignfærð.

Ójafnað rekstrartap í lok árs 2014 greinist þannig:

Tap ársins 2009, nýtanlegt til ársloka 2019	85.826.770
Tap ársins 2011, nýtanlegt til ársloka 2021	668.281
Tap ársins 2012, nýtanlegt til ársloka 2022	4.428.592.930
Tap ársins 2013, nýtanlegt til ársloka 2023	761.307.970
Tap ársins 2014, nýtanlegt til ársloka 2024	556.071.715
	<hr/> <u>5.832.467.666</u>

Skýringar

12. Fjárhagsleg staða samstæðunnar

Í samningi um rekstur og starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss hafa eigendur Hörpu, íslenska ríkið og Reykjavíkurborg, skuldbundið sig með skilyrðislausum og óafturkræfum hætti að greiða mánaðarlegt framlag til Hörpu í 35 ár. Framlagið er bundið vísitölu neysluverðs og er greiðsla vegna kaupa á þeirri þjónustu sem felst í því annars vegar að Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. eigi tónlistar- og ráðstefnuhús og hins vegar reki aðstöðu í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu. Framlagið greiðist mánaðarlega í 35 ár frá 15. mars 2011. Framlagið greiðist inn á veðsettan bankareikning dótturfélags Hörpu, Greiðslumiðluninár Hrings og verður ávallt fyrst nýtt til að greiða mánaðarlegar afborganir af skuldabréfum í skuldabréfaflokki samstæðunnar. Framlag þetta er grundvöllur þess að samstæðan á að geta staðið undir fjárhagslegum langtíma skuldbindingum sinum til framtíðar. Í skýringu 16 um fjárhagslega áhættustjórnun má sjá að fjárhæð ónúvirts framlags á samningstímanum til ársins 2046 jafnast á við ónúvitar afborganir og vaxtagreiðslur af langtímafjármögnum.

Í mars 2013 var gengið frá samkomulagi við eigendur um að breyta skuldum við ríki og borg í hlutafé. Tilgangur framangreinds samkomulags fólst í að skjóta stoðum undir rekstur Hörpu og var einnig samþykkt að eigendur leggðu til sérstök árleg framlög til rekstrar Hörpu að fjárhæð 160 milljónir króna í allt að 4 ár, eða fyrir árin 2013-2016. Framangreind fjárfamlög eru bundin vísitölu neysluverðs, með grunnvísitölu 400,7.

Niðurstaða rekstrar Hörpu hefur verið óhagfeldari en gert var ráð fyrir í upphafi, einkum vegna hærri fasteignagjalda. Miðað við framangreindar staðreyndir er ljóst að samstæðan þarf að auka við arðsemi rekstrar til að geta staðið undir öllum kostnaði. Í 5 ára áætlun um rekstur Hörpu, sem gerð var á árinu 2013, er stefnt að því að ná jafnvægi í rekstri innan þess tímabils með lækkun útgjalda, hækkan tekna af núverandi notendum og með aukinni markaðssetningu á ráðstefnuhaldi og öðrum þeim ráðstöfunum sem mega duga til þess að ná settum markmiðum. Þær áætlanir hafa nú breyst vegna dóms héraðsdóms Reykjavíkur er fíll þann 12. maí 2015 þar sem kröfum Hörpu var hafnað.

Stjórn félagsins hefur tekið ákvörðun um að áfrýja héraðsdómnum til hæstaréttar, sbr. skýringu 13. Jafnframt liggur fyrir yfirlýsing Reykjavíkurborgar um að ekki verði gengið að lögveðum vegna fasteignagjalda, þar sem að mati stjórnar félagsins er óumflyjanlegt að fresta greiðslu meirihluta fasteignagjalda sem falla til á árinu 2015.

Að öðru leyti er það mat stjórnenda að samstæðan geti staðið við allar sínar skuldbindingar til næstu 12 mánaða. Það mat er byggt á ítarlegri sjóðstreymisáætlun. Ef fyrirætlanir og mat stjórnenda gengur ekki eftir ríkir verulegur vafi um rekstrarhæfi samstæðunnar.

13. Aðrar upplýsingar

Innskattskvöð

Vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhúss og bílastæðahúss hvílir á samstæðunni innskattskvöð sem nam um 5.859,4 milljónum króna í lok ársins og er til allt að 20 ára. Fyrningatími innskattskvaðar hófst þegar húsnæðið var tekið í notkun árið 2011. Innskattskvöðin er háð óvissu sem felst í að útskattur á fyrningartíma nemi hærri fjárhæð en sem nemur framangreindri fjárhæð innskattskvaðar.

Vátryggingar

Félagið hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingu sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar á grundvelli skilmála um eignatryggingar. Tryggingarfjárhæðin nemur allt að 1.158 milljónum króna.

Málaferli og lögfræðileg atriði

Harpa stefndi íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg þar sem þess var krafist að úrskurður yfirfasteignamatsnefndar um fasteignamat Hörpu yrði dæmur ógildur. Meginrök Hörpu voru að fasteignamatið væri ekki í samræmi við lög nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Dómkvaddir matsmenn lögðu mat á markaðsverð eignarinnar og reyndist það mun lægra en álagt fasteignamat og í samræmi við mat fasteigna sem stjórnendur félagsins telja að séu samanburðarhæfar við Hörpu. Þann 17. mars 2015 var málid flutt fyrir héraðsdómi Reykjavíkur og þann 12. maí var kveðinn upp dómur sem var íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg í vil. Tekin hefur verið ákvörðun að áfrýja héraðsdómnum til hæstaréttar. Sú ákvörðun byggir m.a. á nýju lögfræðiálditi frá lögmannsstofu sem annaðist málflutning fyrir dómstólum.

Lögmann félagsins telja málatilbúnaðinn sterkan. Fari svo að málid vinnist mun það leiða til verulega hagfelldari rekstrarforsenda Hörpu. Tapist málid mun það ekki breyta neinu um núverandi rekstrarforsendur, samanber lýsingu í skýringu 12.

Skýringar

14. Sjóðstreymi

	2014	2013
Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi samkvæmt sjóðstreymi greinast þannig:		
Áfallnar ógreiddar verðbætur sambankaláns og dreifing lántökugjalda	0	113.448.680
Áfallnar ógr. verðbætur skuldbréfautgáfu, dreifing lántökugjalda og yfirverðs	201.114.709	331.437.968
Áfallnir vextir á láanasamninga við ríki og borg	0	6.896.895
Niðurfærsla viðskiptakrafna	0	3.300.000
Tekjuskattsinneign	(22.288)	0
Söluhagnaður rekstrarfjarmuna	0	(426.013)
	<u>201.092.421</u>	<u>455.083.543</u>

15. Dótturfélög og samstæðureikningsskil

Í lok ársins eru dótturfélög sem innifalin eru í samstæðureikningsskilunum þessi :

Nafn og lögheimili	Starfsemi	Eignarhluti	Afkoma	Eigið fé
			2014	31.12.2014
Greiðslumiðlunin Hringur ehf., Reykjavík	Lántaka vegna byggingar	100%	(5.680.987)	(6.706.928)
Rekstrarfélagið Stæði slhf., Reykjavík	Rekstur bílastæðahúss	77,1%	7.435.713	21.975.992
Rekstrarfélagið Hörpustrengir ehf., Reykjavík	Skipulagning viðburða	100%	9.074.714	20.250.803

16. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Stjórn félagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu þess. Stjórnin hefur falið forstjóra umsjón með daglegri áhættustýringu samstæðunnar.

(a) Áhættustjórnun fjármögnunar

Markmið samstæðunnar við stjórnun fjármögnunar er að tryggja að framlög ríkisins og Reykjavíkurborgar standi undir afborgunum og vöxtum af lántökum. Ekki er ætlast til að samstæðan skili arðsemi til hluthafa.

Fjármögnun samstæðunnar sundurliðast með eftirfarandi hætti, fjárhæðir í þús. króna:

	31.12.2014	31.12.2013
Lántökur í lok árs	19.605.655	19.611.157
Frádregið: handbært fé	(213.977)	(534.527)
Lántökur nettó	19.391.677	19.076.630
Eigið fé	512.090	1.065.337
Fjármögnun samtals	<u>19.903.767</u>	<u>20.141.967</u>

(b) Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar.

Félagið metur tapsáhættu af kröfum og færir niðurfærslu á móti mögulegu tapi slíkra krafna ef slíkt á við.

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu án tillits til veða er bókfært verð allra fjáreigna samstæðunnar.

Skýringar

(c) Lausafjárhætta

Lausafjárhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Fjárhagsskuldbindingar samstæðunnar felast fyrst og fremst í skuldabréfaútgáfu frá árinu 2013, en samningar fyrirtækisins ganga út frá að alltaf sé til laust fé til greiðslu skuldarinnar. Fyrir liggur samningur til 35 ára við Ríkissjóð Íslands og Reykjavíkurborg um framlög sem ganga til greiðslu langtímalánsins.

greiðslustreymis eru ónúvirtar sammingsbundnar greiðslur afborgana og vaxta. Skuldir á gjalddaga innan 12 mánaða frá dagsetningu efnahagsreiknings eru á bókfærðu verði þar sem áhrif núvirðingar eru óveruleg. Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

	Bókfært verð	Greitt innan 12 mánaða	Greitt eftir 12 mánuði	Samtals
Staða 31. desember 2014				
Langtímaskuldir (skuldabréfaútgáfa)	19.477.325	1.047.099	31.412.971	32.460.070
Langtímaskuldir við fjármálastofnanir	128.329	15.015	120.116	135.131
Skuldir við tengda aðila	65.291	65.291	0	65.291
Aðrar skammtímaskuldir	366.097	366.097	0	366.097
	20.037.042	1.493.501	31.533.087	33.026.588
Staða 31. desember 2013				
Langtímaskuldir (skuldabréfaútgáfa)	19.611.157	1.019.575	32.626.389	33.645.964
Skuldir við tengda aðila	65.291	65.291	0	65.291
Aðrar skammtímaskuldir	353.683	353.683	0	353.683
	20.030.130	1.438.548	32.626.389	34.064.937

Taflan hér að neðan greinir framlag til fjármögnunar Hörpu frá Ríkissjóði Íslands og Reykjavíkurborg. Fjárhæðir eru ónúvirtar m.v. verðlag í lok árs 2014 og birtar í þúsundum króna.

	Framlag ársins	Greitt innan 12 mánaða	Greitt eftir 12 mánuði	Samtals
Staða 31. desember 2014				
Framlag frá Ríkissjóði og Reykjavíkurborg	1.053.907	1.062.180	32.042.427	33.104.607
	1.053.907	1.062.180	32.042.427	33.104.607
Staða 31. desember 2013				
Framlag frá Ríkissjóði og Reykjavíkurborg	1.025.606	1.040.623	32.432.763	33.473.387
	1.025.606	1.040.623	32.432.763	33.473.387

(d) Vaxtaáhætta

Samstæðan býr við vaxtaáhættu af lántöku með breytilegum vöxtum. Upphæð lánsins var 128,3 milljónir króna þann 31/12 2014 og vextir þá 5,3%. Ef vaxtakjör lánsins breytast um 1% til hækkanar eða lækkunar, þá lækka eða hækka vaxtgjöld um 1,3 milljónir króna á ári.

Verðbréfaútgáfa samstæðunnar er á föstum vöxtum þannig að hún býr ekki við vaxtaáhættu af henni. Samstæðan býr hins vegar við verðtryggingaráhættu af verðbréfaútgáfunni vegna vísitölutengingar, en að teknu tilliti til að framlag frá ríki og borg er einnig vísitölutryggt er nettó áhætta af verðtryggingu engin.

(e) Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta samstæðunnar er óveruleg og tengist einkum viðskiptum við erlenda viðburðahaldara og listamenn.